

17. júlí 2025

Hitt Húsið/ Jafningjafræðslan

Minnisblað

Sendandi: Hópur Jafningjafræðslu Hins Hússins 2025

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

Við erum 15 ungmenni á aldrinum 16 - 19 ára og störfum í Jafningjafræðslu Hins Hússins forvarnarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar. Við höfum farið um alla borg í sumar að kynnst ungmennum í vinnuskólanum sem öll eru á aldrinum 13-16 ára. Í heildina höfum við frætt um það bil 1300 krakka og teljum okkur því hafa góða þekkingu á þeim málum sem skipta ungmenni máli og vitum hvaða breytingar geta bætt líf ungmenna í Reykjavík. Í byrjun sumars fórum við á þriggja vikna undirbúningsnámskeið þar sem við fengum sjálf fræðslur frá alls kyns sérfræðingum um alls konar mikilvæg mál sem allir hefðu gott á að vita. Í gegnum fræðslurnar okkar höfum við aflað okkur mikinn skilning á stöðu ungmenna í dag.

Það sem okkur finnst vera mest áberandi er að það er mikill skortur á raunverulegum persónulegum tengslum, krakkar eru ekki að hittast, spjalla og kynnst hvort öðru í eins miklum mæli og þörf væri fyrir. Þetta leiðir til meiri einmanaleika, verri líðan og skorts á samskipta- og tilfinningafærni. Þetta teljum við vera grunnvandann sem margt sprettur að miklu leyti upp úr þessum skorti á félagslegum tengslum.

Eitt sem kom okkur svolítið á óvart var það hve mikið unglingsdrengir spila fjárhættuspil, það var mjög áberandi í nánast öllum hópunum sem við heimsóttum að alltaf voru nokkrir strákar sem héldu því fram að fjárhættuspil væru sniðug. Við töluðum við fíknisérfræðing frá SÁÁ sem lýsti yfir miklum áhyggjum á fjárhættuspilum ungmenna, hann sagði að fólk sem leitar til þeirra fyrir spilafíkn sé að aukast verulega. Fólk virðist ekki átta sig á því hversu ávanabindandi þetta er í raun og veru.

Þessi blanda af minni samskiptum í eigin persónu og meiri á internetinu á mjög stóran þátt í þessari pólitísku skautun sem er að eiga sér í samfélaginu. Bergmálshellar myndast víða þar sem maður rekst aldrei á neinn sem hefur aðrar skoðanir en maður sjálfur.

Með þetta höfum við tekið eftir bakslag í baráttu kvenna, hinsegin fólks og fólks af erlendum uppruna meðal ungmenna.

Að mæta sem jafningjar þeirra og vera fyrirmyndir er sú nálgun á fræðslu sem við teljum að virki vel fyrir þennan aldurshóp. Ungt fólk vill alltaf tilheyra og því gott að taka ráðstafanir þar sem allir væru saman í því að taka þátt.

Við höfum lært svo ótrúlega mikið sem jafningjafræðarar og höfum svo mikið að upplýsingum sem við gætum miðlað til góðs. Við tókum þessi störf til að hjálpa ungmennum og hafa áhrif á okkur umhverfi. Við getum hjálpað að miðla rödd ungmenna til ykkar ef þið opnið á þetta samtal með okkur sem er svo mikilvægt þar sem börn og ungmenni eru alltaf framtíðin.